

Ísafjarðarbær
Axel Överby
Hafnarstræti 1
400 Ísafjörður



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík 8. nóvember 2016
UST201610-159/B.S.
10.05.01

Efni: Hólmi til æðarræktar - Höfði við Kirkjubólshlíð. Umsögn


Vísað er til bréfs Ísafjarðarbæjar dags. 20. október sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um fyrirætlanir um að gera hólma í fjörunni neðan við Höfða við Kirkjubólshlíð. Ráðgert er að hólminn verði 900 m² að flatarmáli og verði efni í hólmann mokað upp úr fjörunni og verður hólminn grjótvarinn. Markmið framkvæmdarinnar er að gera svæði sem henti til æðarræktar.

Fyrirhugað framkvæmdasvæði er innan svæðis nr. 317 á náttúruminjaskrá. Verndargildi svæðisins er talið vera: „Viðaaáttumiklar, lífauðugar leirur, mikið fuglalíf.“

Umhverfisstofnun telur að leggja eigi áherslu á að raska ekki leirum í Skutulsfirði. Til að svo megi vera þyrfti að færa fyrirhugaðan hólma til norðurs þannig að hann verði í grýttri fjöru beint niður af bæjarhúsum. Lögun hólmanns og stærð ætti að ráðast af því hvernig tekst að koma honum fyrir í fjörunni án þess að raska leirum. Ekki á að moka efni í hólmann úr leirum.

Umhverfisstofnu telur að ef unnt verður að koma hólmanum fyrir án þess að raska leirum ætti hólminn ekki að skerða verndargildi svæðis nr. 317 á náttúruminjaskrá.

Virðingarfyllst


Björn Stefánsson
Sérfræðingur


Jón Smári Jónsson
Sérfræðingur